

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/1115*  
*komudagur 8. 3. 2002*

Sem formanni áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar hefur mér borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 1771991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

Þær breytingar sem þar eru lagðar til virðast mjög eðlilegar í ljósi alþjóðapróunar og ættu að hafa jákvæð áhrif á starf einkaleyfayfirvalda hér á landi. Því sé ég ekki ástæðu til neinna athugasemda af hálfu nefndarinnar.

Með kveðju,

Rán Tryggvadóttir  
Formaður áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar

Þingholtsstræti 33  
101 Reykjavík  
Íceland  
sími/fax/tel. + 354 - 5510254

**E/S**

# EINKALEYFASTOFAN

Skúlagötu 63 IS-150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/918*  
*komudagur 27.2.2002*

Iðnaðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
B.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur

Tilvísun yðar:

Tilvísun vor:

Dagsetning:  
25.02.2002

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum, 453. mál.**

Vísað er til fundar Iðnaðarnefndar Alþingis með fulltrúum frá iðnaðarráðuneytinu og Einkaleyfastofunni, dags. 25. febrúar 2002, þar sem fjallað var um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum, 453. mál.


Eins og fram kom á fundinum óskaði Einkaleyfastofan eftir því að koma að tilteknum athugasemdum, en þær varða orðalag í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins.

Í athugasemdum við þá tillögu að 2. mgr. 66. gr. nógildandi einkaleyfalaga verði felld brott segir að, "Sé umboðsmaður ekki tilnefndur fer um birtingu stefnu eftir lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum. Í þeim lögum er m.a. kveðið á um birtingu stefnu þegar stefndi á heimili eða aðsetur erlendis, sbr. einkum 89.-91. gr. þeirra."

Það er mat Einkaleyfastofunnar að betra sé að fjalla almennt um birtingu stefnu eftir einkamálalögunum nr. 91/1991, hvort sem umboðsmaður hefur verið tilnefndur eða ekki og án nánari tilgreiningar. Setningin yrði þá eftirfarandi, "Um birtingu stefnu fer eftir lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum."

Með bréfi Iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 18. febrúar 2002, var Einkaleyfastofunni sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum, 453. mál. Það skal tekið fram að Einkaleyfastofan gerir ekki aðrar athugasemdir en þær sem að ofan greinir.

Virðingarfyllst,  
f.h. Einkaleyfastofunnar,

  
Lilja Aðalsteinsdóttir.

Sími:  
580 9400Bréfasími:  
580 9401Kennitala:  
650191-2189Afgreiðslutími:  
mánudaga - föstudaga kl. 10 - 15

Iðnaðarnefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. mars 2002

**Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991 um einkaleyfi með síðari breytingum**

Með vísan til erindis Iðnaðarnefndar Alþingis sbr. bréf dags. 18. febrúar sl. hefur stjórn félags umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa fjallað um ofangreint frumvarp og setur fram eftirfarandi umsögn.

Félag umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa lýsir sig í öllum aðalatriðum fylgjandi frumvarpinu og þeim breytingum sem þar eru lagðar til enda eru þær í öllum meginatriðum í samræmi við alþjóðlega þróun. Við viljum þó taka fram eftirfarandi:

1. Ekki er rétt sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, en þar segir á einum stað: "Því hafa Evrópuríki, m.a. Norðurlöndin, breytt löggjöf sinni á þann hátt að einungis sé heimilt að krefjast þess að umsækjandi eða einkaleyfishafi hafi umboðsmann sem sé búsettur á EES-svæðinu." Rétt er að Norðmenn hafa ekki enn breytt löggjöf sinni í þessa veru. Umboðsmenn gera hinsvegar ekki efnislegar athugasemdir við breytingartillöguna.
2. Breytingartillögu varðandi ákvæði 31-33 gr. laganna er varða meðferð alþjóðlegra PCT umsókna eru ekki síst til hagsbóta fyrir umsækjendur þannig að umsóknarferlið verður einfaldara og vonandi ódýrara. Umboðsmenn gera ekki efnislegar athugasemdir við breytingartillögurnar.

Hvað varðar athugasemdir við frumvarpið þykir okkur að nokkuð vanti á að umfjöllunin sé tæmandi og taki á öllum þeim þáttum sem breytingarnar hafa eða geta haft áhrif á. Umfjöllunin miðast við að skýra alþjóðlega þróun á þessu svið svo og að gera grein fyrir hagsmunum yfirvalda og þá einkum Einkaleyfastofunnar.

Í þessu sambandi teljum við nauðsynlegt að undirstrika að löggjöfin er sett til að veita uppfinningamönnum eða þeim sem öðlast hafa rétt þeirra (atvinnufyrirtæki) tímabundna umbun í formi einkaréttar fyrir framlag þeirra til nýsköpunar. Um leið er tilgangurinn að tryggja ákveðið jafnvægi gagnvart þeim sem í raun gefa þessi réttindi eftir. Það er þess vegna harmað að engin tilraun er gerð til að skýra ávinning eða áhrif þessara breytinga fyrir þessa aðila. Það er síðan annað mál að breyting á ákvæðum um umboðsmenn gæti haft veruleg efnahagsleg áhrif á starf umboðsmanna. Engin tilraun er gerð til að varpa ljósi á hver áhrif það gæti haft fyrir umsækjendur og þá sérstaklega íslenska umsækjendur.

Stjórn Félags umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa beinir þess vegna þeim tilmælum til Iðnaðarnefndar Alþingis að nefndin beiti sér fyrir vandaðri umfjöllun um breytingar af þessum toga þar sem litið verði til fleiri þátta en hagsmuna stofnana hins opinbera og framlag þeirra til alþjóðlegrar þróunar.

Virðingarfyllt  
f.h. Félags umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa  
Skúli Th. Fjeldsted, form.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/869*  
*komudagur 25. 2. 2002*

Nefndasvið Alþingis  
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 21. febrúar 2002.

**Umsögn laganefndar LMFÍ um um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum. 127. löggjafarþing 2001–2002. Þskj. 723 – 453. mál.**

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 18. febrúar 2002, þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp. Laganefnd félagsins hefur haft frumvarpið til skoðunar og lýsir yfir stuðningi við efni þess.

Virðingarfyllst,  
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

---

Jakob R. Möller, hrl.  
formaður

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1213  
komudagur 13. 3. 2002



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Iðnaðarnefnd  
Nefndarsviði Alþingis

150 – REYKJAVÍK

Rvk.11.3.2002

**Efni: Frumvarp til laga um einkaleyfi, 453. mál.**

Þær lagabreytingar sem hér um ræðir eiga samkvæmt því sem fram kemur í frumvarpinu rætur að rekja til breytinga á alþjóðavettvangi og þá aðallega samstarfssáttmálanum um einkaleyfi frá 1984.

Frumvarpið felur að mati Samtaka atvinnulífsins því í sér eðlilega aðlögun að því alþjóðlega umhverfi sem við erum þátttakendur í en þar skipta einkaleyfi sífellt meira máli. Samtökin mæla því með því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur

*Alþingi  
Erindi nr. P 127/1017  
komudagur 6.3.2002*

Iðnaðarnefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. mars 2002

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum, 453. mál.**

Mikilvægi einkaleyfa í atvinnurekstri fer sífellt vaxandi.

Skýrar lagareglur og alþjóðasamningar, gegnsæi, lækkun kostnaðar og einföldun reglna varðandi tungumál eru allt þættir sem skipta miklu máli.


Íslensk fyrirtæki hafa sótt í sig veðrið undanfarin ár við að taka út einkaleyfi, en þar þarf að gera enn betur. Til þess er þeim mikilvægt að hafa greiðan aðgang að lipru kerfi til þess að verja sín réttindi innanlands og utan.

Rétt er í því sambandi að minna á greinargerðir verkefnastjórnar um eflingu vitundar um einkaleyfi frá því 1999 og nefndar um mat á aðild Íslands að Evrópusáttmálanum um einkaleyfi frá því 2001. Báðar voru skipaðar af iðnaðarráðherra. Þar er m.a. lagt til að iðnaðarráðherra hefji nú þegar undirbúning að aðild Íslands að Evrópusáttmálanum um einkaleyfi með gerð frumvarps vegna nauðsynlegra breytinga á lögum og aðildarumsóknar í kjölfar þess.

Undir þetta taka Samtök iðnaðarins.

Frumvarpið sem hér er til umsagnar felur í sér sjálfsagðar og eðlilegar lagfæringar á núgildandi lögum og styðja Samtök iðnaðarins að það verði að lögum en minna á að mikilvæg verkefni bíða Alþingis á þessu sviði.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

  
Jón Steindór Valdimarsson  
aðstoðarframkvæmdastjóri